



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á 90 ára afmælishátíð Ferðafélags Íslands
12. mars 2017**

Sú var tíð að fjöll og firnindi voru ekki í hávegum höfð á Íslandi. Til forna voru brotamenn gerðir útlægir og leituðu í óbyggðir. Vissulega þræddu aðrir þjóðleiðir á fjöllum en fólk arkaði vart upp á hálendið að gamni sínu. Útlendingar fregnuðu af hinni kuldalegu eyju í útnorðri og þeim þótti landið ekki fagurt og frítt, miklu fremur hættulegt og skelfilegt. Ytra kannaðist fólk við Heklu en það var að endemum; eldfjallið ógurlega geymdi fordyri helvítis. Hér heima var svipaða sögu að segja. Þannig er þekkt sú þjóðsaga að eitt sinn hugðist kölski slökkva á sólinni með því að míga á hana en dró ekki svo bunan féll til jarðar og myndaði Mývatn.

Síðan varð iðnbylting í Evrópu. Menntamenn og aðrir sem létu til sín taka í menningarlífi Vesturlanda gerðust rómantískir í anda. Náttúra og víðerni urðu augnayndi. Ferðalangar héldu út í heim, meðal annars til Íslands. Hér heilluðu fornsögurnar en líka landið sjálft, ómengað og óspillt. Útlendingar gengu fyrstir upp á sum hæstu fjöll Íslands, lýstu landinu lofsamlega í ferðabókum þegar heim var komið þótt tvennum sögum færi gjarnan af fólkinu. Og íslensk skáld tóku líka að yrkja um hina fögru náttúru, Jónas, Bjarni Thorarensen, Þorsteinn Erlingsson og margir fleiri. Hinu er þó ekki að leyna að almenningur furðaði sig frekar en hitt á brölti fólks upp á fjöll að óþörfu, útlendinga sem annarra. „Alt frammá nítjándu öld þóttu íslendingum fjöllin ljót,“ skrifaði Halldór Laxness í formála að þeirri merku bók, Reginfjöll að haustnóttum, eftir Kjartan Júlíusson bónda í afdöllum í Eyjafirði. Nóbelskaldið tók þessi dæmi máli sínu til stuðnings: „Ekki var látið við sitja að Búlandstindur væri „furðu ljótur“, heldur þótti Mývatnssveitin með fjallahring sínum og vatni viðurstyggilegt pláss.“

Þess gætti enn að land þætti þá aðeins fallett að þar væri búsældarlegt, og sömuleiðis að fólk skyldi ekki vera að flana neitt að óþörfu. Með aukinni velmegun, frítíma og flutningi úr sveitum á mölina, eins og það var kallað, jókst

hins vegar áhugi á ferðum um landið, og þá voru það ekki síst óbyggðirnar sem kölluðu.

Því var það svo að fyrir níutíu árum kom hópur manna saman og beitti sér fyrir stofnun Ferðafélags Íslands. Fyrir mann í mínum sporum er gaman að nefna að Sveinn Björnsson, fyrsti forseti Íslands, var einn helsti hvatamaðurinn. Sunnudaginn 27. nóvember 1927 var félagið formlega stofnað, í Kaupþingssalnum í húsi Eimskipafélagsins hér í grennd. Í lögum hins nýja félags var kveðið á um megintilgang þess, að stuðla að ferðalögum á Íslandi og greiða fyrir þeim og það yrði einkum gert með þessum hætti:

Að vekja áhuga landsmanna á ferðalögum um landið, sérstaklega þá landshluta sem lítt eru kunnir almenningi, en eru fagrir og sérkennilegir. Til þess gefur það út ferðalýsingar um ýmsa staði, gerir uppdrætti og leiðarvísa.

Félagið beitir sér fyrir byggingu sæluhúsa í óbyggðum, stærri og fullkornari en nú tíðkast hér á landi. Það gengst fyrir því að ruddir séu og varðaðir fjallvegir og hefur gát á að slíkum leiðum sé við haldið.

Félagið gerir eftir föngum ráðstafanir til þess að meðlimir þess geti ferðast ódýrt um landið.

Félagið gengst fyrir því að kynna mönnum jarðfræði landsins og jurtaríki og sögu ýmsra merka staða.

Þetta hefur tekist. Ferðafélag Íslands er sannkölluð þjóðargersemi. Í 90 ár hefur forystufólk þess sinnt kalli forsprakkanna, staðið fyrir gönguferðum og öðrum ferðalögum um landið þvert og endilangt, reist sæluhús og varðað vegi, gefið út Árbækurnar góðu, einstaka heimild um náttúru landsins, staðhætti og sögu.

Í dag dettur fáum í hug að segja þau ljót, Mývatn og Mývatnssveit, hvað þá hinn stílhreina Búlandstind. Hekla getur vissulega verið vággestur en þykir fögur í sínum mikilfengleik. Í víðernum okkar, fjöllum og firnindum er auðlind falin sem okkur ber að vernda. Um það eru Íslendingar sammála, að ég hygg.

Á sínum tíma var Bjarni Thorarensen í hópi ættjarðarskaldanna sem ortu um fegurð landsins í rómantískum anda, eins og áður var getið. Hann hafði líka forgöngu um stofnun Fjallvegafélagsins árið 1831 en hafði ekki erindi sem erfiði. Á fimmtíu ára afmæli Ferðafélagsins árið 1977 lagði Haraldur Matthíasson – faðir Ólafs Arnar, núverandi forseta þess – út frá þeim lyktum í riti um sögu félagsins og komst svo að orði: „Þetta var eins og ætla að gróðursetja tré á útmánuðum. Ferðafélagið kom fram nær 100 árum síðar, óx af svipaðri hugsjón og Fjallvegafélagið áður. En nú var fylling tímans komin, og því átti félagið sér framtíð.“

Ferðafélag Íslands á sér áfram framtíð. Ég óska félaginu allra heilla og hlakka til að fylgjast með frekara starfi þess, og ég hlakka líka til að vinna frekar með þeim sem láta sér annt um náttúru Íslands og víðerni. Sjálfur hef ég ekki verið mikill göngu- og fjallagarpur en ég þekki fagrar hugsjónir þegar ég sé þær og hugsjónafólk þegar ég kynnist því. Ég ítreka hamingjuóskir mínar.